

Atvinnuveganefnd Alþingis

Vegna 128. þingmáls, skipan ferðamál (stjórnslásla og aukið öryggi ferðamanna)

Umsagnir/athugasemdir:

5. gr. Lagt er til að Slysavarnafélagið Landsbjörg eigi fulltrúa í Samráðsvettvangi um ferðamál sem skipaður er til fjögurra ára.

- Rökstuðningur: Mikil áhersla er á öryggismál í lögunum og SL vinnur gríðarlega mikið að öryggismálum ferðamanna, bæði forvörnum og úrlausn atvika t.d. í útköllum. Bent er á að atvik sem koma inn á borð björgunarsveita og tengjast ferðamönnum eru á 3ja þúsund á hverju ári.

9.gr.b. Lagt er til að fellt verði út að upplýsa beri farþega um áhættu í ferð.

- Rökstuðningur: Ekki er skynsamlegt í almennri ferða- og fjallamennsku að benda á hættur og þannig valda ferðamanni mögulegum óróa og jafnvel kvíða. Lagt er til að frekar verði lögð áhersla á að upplýsa ferðamenn um þann búnað sem þarf til og um rétta ferðahegðun.

9.gr.b. Lagt er til að öryggisáætlun samanstandi af fjórum þáttum, við bætist atvikaskýrsla.

- Rökstuðningur: Atvikaskýrsla er mikilvægur þáttur í gæðakerfi hvers fyrirtækis. Auk þess að lýsa atviki er hún liður í að unnið verði áfram með það atvik og það nýtt til breytinga eða þróunar á vöru eða öryggismálum til bóta.

Að öðru leyti fagnar Slysavarnafélagið Landsbjörg þessu frumvarpi þar sem sérstaklega er tekið á öryggismálum.

Virðingarfyllst

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jónas Guðmundsson
Verkefnastjóri slysavarna ferðamanna